

Nafn: Guðrún Margrét Viðarsdóttir

Land: Perú

Ár: 2018

Námsár: 4.ár

Ég fór í skipti til Perú í júní 2018, þá nýbúin með 4. ár. Mig hafði lengi langað til að heimsækja Suður-Ameríku og valdi Perú því saga landsins og menning er gríðarlega heillandi auk þess sem ég vildi æfa spænskuna mína. Ég fór til Trujillo sem er borg við strandlengjuna, norð-vestarlega í landinu og er þriðja stærsta borg landsins. Mér fannst Trujillo vera fullkomin því hún er töluvert minni en höfuðborgin Lima en hefur samt upp á ótrúlega margt spennandi að bjóða.

Ég var á almennri skurðeild á Belen spítalanum undir handleiðslu Dra. Eloísa Morales Ramos. Hún talaði smávegis ensku við mig en annars fór öll kennslan fram á spænsku. Ég fylgdi nemendahópnum frá háskólanum UPAO sem tóku mér opnum örmum. Þeir nemar sem töluðu ensku voru mér sérstaklega innan handar en ég gerði mitt besta við að eiga í samskiptum við hina á spænsku. Belen spítalinn tilheyrir neðsta þjónustustigi heilbrigðiskerfis Perú svo sjúklingarnir sem leituðu þangað voru oft fátækir og höfðu frestað því lengi að leita læknaaðstoðar. Framgangur sjúkdóma var því oft orðinn mun meiri en maður er vanur að sjá á Íslandi. Spítalinn sjálfur var ekkert hátækisjúkrahús, læknar þurftu að koma með sínar eigin pappírspurrkur til að þvo sér um hendurnar og ekki var einn sprittbrúsi í sjónmáli. Daglega dagskráin samanstóð aðallega af stofugöngum þar sem hver sjúklingur var tekinn fyrir sem tilfelli. Algengustu sjúkdómarnir voru botnlangabólga eða gallblöðrubólga en það voru líka meira spennandi tilfelli svo sem skotsár eftir byssuárásir. Ég fékk líka nokkra skurðstofudaga og fékk þá að fylgjast með ýmsum aðgerðum. Fimmtudagar voru sérstaklega skemmtilegir en þá fórum við alltaf á bráðamóttökuna og skoðuðum sjúklinga þar. Á spítalanum voru einnig tilfellafundir og fræðslufundir á vegum sérfræðinga og deildarlækna sem við sóttum reglulega. Prógrammið á spítalanum var yfirleitt búið um hádegi og fylgdi ég þá oft hinum nemunum í kennslustundir í háskólanum.

Ég var eini skiptineminn á svæðinu á þessum tíma svo social prógrammið var ansi sveigjanlegt. Nemanir á svæðinu voru í lokaprófum á þessum tíma svo það var stundum erfitt að finna tíma fyrir social prógrammið sem er mjög skiljanlegt. Við skoðuðum borgina, heimsóttum söfn, fórum á ströndina, skoðuðum fornminjar og djömmuðum mjög mikið. Það að fara á brimbretti á Huanchaco ströndinni stóð sérstaklega upp úr. Mér fannst samt mest spennandi að skoða fornminjarnar en í Trujillo er að finna marga sögulega staði sem ná fyrir tíma Inkaveldisins. Má þá helst nefna musterin Huacas del Sol y la Luna og gömlu höfuðborgina Chan Chan sem standa enn rétt utan við borgina. Í UPAO háskólanum er mjög virkt IFMSA starf svo ég sótti líka marga fræðslufundi hjá hinum ýmsu undirfélögum.

Fritíma mínum varði ég með vinum frá svæðinu, í rólegheitum með yndislegu host fjölskyldunni minni eða á kaffihúsi með góða bók.

Ég valdi að fara nokkrum dögum fyrr til Perú og nýta þann tíma til að skoða landið áður en skiptin hófust. Ferðalagið byrjaði á talsverðum flugvandræðum sem leiddu til þess að ég missti af ferðinni minni til Machu Picchu en í staðinn náði ég að skoða Lima og umhverfi borgarinnar vel auk þess að heimsækja bæinn Paracas og fara þaðan í siglingu til Ballestas eyja sem eru þekktar sem „Galápagos eyjar fátæka mannsins“.

Tíminn míninn í Perú var ótrúlega dýrmætur og lærdómsríkur. Að vera á „fátækraspítala“ var virkilega lærdómsrík upplifun og opnaði augu mín fyrir þeim forréttindum sem við á Íslandi búum við með heilbrigðiskerfið okkar. Hér deyja til dæmis engir sjúklingar vegna þess að þeir hafa ekki efni á að borga fyrir vökva í æð. Mér fannst erfitt að vera aðskilin frá fjölskyldu og vinum heima í heilan mánuð en það var algjörlega þess virði. Ég eignaðist vini sem ég hef haldið sambandi við og spænskan mín varð töluvert betri eftir dvölinu. Ég er búin að lofa vinum mínum að koma aftur til Perú og ætla svo sannarlega að standa við það. Ég myndi mæla með Perú fyrir alla sem hafa áhuga á skemmtilegu og lærdómsríku skiptinámi í landi þar sem allir eru betri dansarar en þú!